



Heildarsýn fyrir Kópavogsdal

Tillögur starfshóps



One númer 2309454

Dagsett: 12. apríl 2024



Ávarp starfshópsins

Kópavogsdalurinn er miðgarður okkar Kópavogsbúa líkt og íbúar í New York borg eiga sinn víðkunna Central Park – Miðgarður; víðáttumikla og afar vinsæla græna vin í miðri stórborginni. Kópavogsdalurinn er skjólsæll grænn dalur þar sem vorið kemur fyrir og sumarið kveður síðar en á mörgum öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Alla daga ársins má sjá fólk á ferð um dalinn sér til yndisauka og heilsubótar. Það fer ekki fram hjá neinum að bæjarbúar kunna að meta þetta svæði. Sunnan til í dalnum er viðamikill íþróttasvæði sem býr yfir aðstöðu til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar. Kópavogslækur rennur fram um miðjan dalinn uns hann sameinast Kópavogi, vöginum sem hefur gefið bænum okkar nafn.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur fullan skilning á mikilvægi dalsins fyrir Kópavogsbúa. Sífelld berast henni erindi um eitt og annað er varðar frekari uppbyggingu og þróun í dalnum. Allir eru sammála um að fara verði varlega í þeim efnum. Til að auðvelda það verkefni að vernda Kópavogsdal fyrir hugsanlegum skakkaföllum framþróunar og framfara, taldi bæjarstjórnin mikilvægt að ná víðtækri samstöðu um framtíðarsýn. Starfshópur var skipaður til þess að móta tillögu. Eftir marga fundi og langar samræður og skoðanaskipti er hópurinn tilbúinn með tillögu að framtíðarsýn fyrir Kópavogsdal. Sýnin birtist hér í þessar skýrslu ásamt ýmsu ítarefni sem að gagni getur komið við frekari úrvinnslu.

Starfshópurinn skilar með þessari skýrslu verkinu til bæjarstjórnar í von um að það falli í góðan jarðveg og í framhaldi verði unnið að skipulagi svæðisins og framkvæmdum í sátt við þá framtíðarsýn sem hér er lýst.

Hjördís Ýr Johnson, bæjarfulltrúi, formaður skipulagsráðs og formaður starfshóps
Andri Steinn Hilmarsson, fulltrúi meirihluta
Kristinn D. Gissurarson, fulltrúi meirihluta
Hákon Gunnarsson, fulltrúi minnihluta
Tryggvi Felixson, fulltrúi minnihluta
Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi
Íris Svavarsdóttir, verkefnastjóri íþróttadeildar



Efnisyfirlit

Ávarp starfshópsins	1
Efnisyfirlit	2
Framtíðarsýn fyrir Kópavogsdal – tillögur starfshóps.....	3
Náttúran	3
Útivistar- og afþreyingarsvæði	3
Íþróttasvæði	4
Skipan hópsins og hlutverk hans	5
Um vinnu starfshóps um heildarsýn fyrir Kópavogsdal	6
Aðferðafræði	7
Kynning á verkefninu	7
Lýsing á Kópavogsdal	7
Yfirlit yfir efni í viðaukum við skýrsluna.....	9



Framtíðarsýn fyrir Kópavogsdal – tillögur starfshóps

Starfshópurinn leggur til að Kópavogsdalur verði paradís fyrir þá sem vilja njóta útivistar, samveru og afþreyingar. Þar verði kjörsvæði fyrir heilsuþætandi útivist, heilbriggt villt lífríki í byggð og afbragðs íþróttasvæði fyrir fjölmargar íþróttagreinir og ólíka aldurshópa, um leið og þess sé gætt að ganga ekki á þau grænu svæði sem nú eru í dalnum.

Grundvallaratriði sem starfshópurinn leggur áherslu á:

1. Að frekari þróun og skipulagsbreytingar miðist við að skapa jafnvægi á milli framangreindra þriggja þátta: Útivistar og afþreyingar, náttúruverndar og íþróttar.
2. Dalurinn verði grænn, vistvænn og búi yfir náttúrufegurð og að ekki verði þrengt að grænum svæðum.
3. Hreinsun og fegrin Kópavogslækjar er mikilvægur þáttur í þeirri vegferð að skapa þá paradís sem Kópavogsdalur getur orðið. Greina þarf vandann og síðan gera áætlun í samráði við til þess bæra aðila um hvernig að umbótum verði staðið.
4. Skapa þarf aðstöðu / aðstæður fyrir frekari vöxt skipulagðrar íþróttastarfsemi í Kópavogsdalnum sem og útivist fyrir Kópavogsbúa almennt.

Heildarsýnin er sett fram í þremur flokkum: Náttúra – Útivistar- og afþreyingarsvæði – Íþróttasvæði

Náttúran

Náttúran í dalnum er og verður áfram undir miklum áhrifum mannlífsins, en þess verði gætt að henni verði ekki spillt frekar og skilyrðin bætt til að hún geti þróast og eflist sem mest á eigin forsendum.

- Náttúruverndar- og útivistarsjónarmið ráði umbótum á grænum svæðum dalsins. Unnin verði áætlun um vernd og umhirðu gróðurs sem stuðli að vistheimt og lífbreytileika. Einnig hvað varðar trjárækt og nýjar plöntur.
- Lögð verði áhersla á hreinsun Kópavogslækjar og endurreisn lífríkisins við hann. Koma þarf í veg fyrir að mengandi efni berist í lækinn.
- Tjörninni vestast í Kópavogsdal verði vel við haldið, hún fegrud og bætt. Skoðað verði möguleikar á gerð fleiri tjarna í Kópavogslæknum.
- Engar jarðfastar byggingar verði leyfðar á skilgreindum opnum svæðum í dalnum.

Útivistar- og afþreyingarsvæði

Útivistar- og afþreyingarsvæði í dalnum skapi almenna vellíðan og náttúruupplifun og stuðli að hreyfingu og útivist íbúa.

- Aðskildir hjóla- og göngustíga þar sem því verður viðkomið.
- Aðstaða fyrir frísbíggolf í Kópavogsdal verði viðhaldið og hún bætt.
- Tengingar frá tjörninni yfir á Kársnes og Kópavogstún séu góðar og aðgengilegar, bæði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Hugað sé að stígum sunnan Kópavogslækjar og samfelldur stígur með mjúku undirlagi (möl eða kurl, “friðarstígur”) lagður frá tjörninni austur að Digranesvegi.
- Setja upp sólfislistaverk og fleiri söguskilti meðfram stígum í dalnum.
- Örleiksvæði fyrir unga sem aldna gerð þar sem við á.
- Unnið verði að endurbótum á áningarstöðum í dalnum og eftir atvikum nýir gerðir.



Smárahvammsvöllur

- Smárahvammsvöllur verði aðgengilegur fyrir íbúa utan þess tíma er skipulögð íþróttastarfsemi á vegum Breiðabliks á sér þar stað.
- Ekki verði reist varanleg mannvirki á Smárahvammsvelli.

Dalvegur 1

Fyrir liggur að Sorpa muni flytja af Dalvegi 1. Segja má að þar verði austurinnangangur í Kópavogsdalinn. Mikilvægt er að standa vel að skipulagningu og hönnun svæðisins.

- Hugmyndasamkeppni meðal íbúa og/eða arkitekta, fjárfesta, rekstraraðila um nýtingu svæðisins. Þess ber að geta að svæðið er skilgreint sem verslun og þjónusta í núverandi skipulagi.
- Í tillögum frá íbúum var lýst yfir áhuga á kaffihúsi eða veitingastað sem tengir vel við náttúruna og útivistina í dalnum.
- Skoðaður verði möguleiki á að reisa „fjölnotahús“ með ýmsum nýtingarmöguleikum. Bygging þessa húss yrði að vera einstök, t.d. blanda af grjóti, timbri, gleri og torfi.

Íþróttasvæði

Íþróttastarf er í miklum blóma í Kópavogsdal. Tryggja þarf að það geti eflst og dafnað til framtíðar fyrir alla aldurshópa og fjölbreyttar íþróttagreinar og mætt fjölgun iðkenda. Jarðnæði í dalnum er takmarkað og ekki mögulegt að stækka núverandi skilgreint íþróttasvæði án þess að ganga á opin græn svæði. Leita verður annarra leiða til að bæta og efla íþróttastarf á svæðinu. Nýting innan skilgreinds íþróttasvæðis verði aukin og bætt og horft til frekari uppbyggingar innan marka þess.

- Stærð skilgreinds íþróttasvæðis verði ekki aukin en hugað verði að fjölbreyttari og betri landnýtingu á hluta þess, uppbyggingu umhverfis Kópavogsvöll og aukinni nýtingu á þeim svæðum sem nýtt eru fyrir bílastæði.
- Smárahvammsvöllur verði áfram nýttur til íþróttaiðkunar á vegum Breiðabliks sem og fyrir ýmsa viðburði og hátíðahöld. Völlurinn verði þess utan áfram aðgengilegur öðrum íbúum.
- Gerðar verði greiningar á ávinningi, möguleikum og fjárhagslegum forsendum fyrir alþjóðlega viðurkenndum knattspyrnuvelli í Kópavogsdal.
- Haldin verði hugmyndasamkeppni um aukna nýtingu á íþróttasvæðinu með heildarsýnina til grundvallar ásamt nánari þarfagreiningum Breiðabliks og annarra hagsmunaaðila innan íþróttasvæðisins.
- Mikilvægt er að huga sérstaklega að útliti og hönnun mannvirkja á íþróttasvæðinu. Fagurfræði verði í hvívetna höfð að leiðarljósi og kallist á við náttúrulegt yfirbragð dalsins.
- Lögð er sérstök áhersla á áframhaldandi samtal við Breiðablik og aðra hagsmunaaðila innan svæðisins við frekari þróun íþróttasvæðisins.



Skipan hópsins og hlutverk hans

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 28. september 2023 var samþykkt að skipa starfshóp til að móta heildarsýn fyrir Kópavogsdal og meta hvort ástæða þykir til að leggja fram tillögur að breytingum á gildandi skipulagsáætlunum fyrir svæðið.

Í skýrslu þessari er að finna tillögur starfshópsins. Í viðauka 1 er að finna leiðarljós sem vert er að hafa til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu. Lesa má um niðurstöðurnar sem liggja að baki tillögunum í viðauka 2. Viðauki 3 inniheldur innsendar þarfagreiningar og umsagnir.

Í starfshópnum áttu sæti sjö fulltrúar:

- Formaður skipulagsráðs; Hjördís Ýr Johnson formaður starfshópsins
- Tveir fulltrúar meirihluta: Andri Steinn Hilmarsson og Kristinn D Gissurarson
- Tveir fulltrúar minnihluta: Hákon Gunnarsson og Tryggvi Felixson
- Starfsmaður á umhverfissviði: Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi
- Starfsmaður á menntasviði: Íris Svavarsdóttir verkefnastjóri íþróttadeildar

Starfsmaður hópsins var Sigrún María Kristinsdóttir, verkefnastjóri íbúatengsla hjá Kópavogsbæ.

Meginhlutverk starfshópsins var eftirfarandi:

- Skilgreina hagaðila á svæðinu og gefa þeim kost á að skila inn þarfagreiningu.
- Kalla eftir hugmyndum frá íbúum.
- Vinna að heildarsýn fyrir svæðið með hliðsjón af markmiðum Aðalskipulags Kópavogs og þörfum hagaðila og íbúa.
- Skoða hvernig hugmyndir um uppbyggingu á íþróttasvæði dalsins falla að aðliggjandi byggð og yfirbrag Kópavogsdals hvað varðar stærð og hlutföll, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.
- Útfæra og sammælast um tillögur, ef kostur er, sem lagðar verða fyrir skipulagsráð og bæjarráð Kópavogs

Starfshópnum bar að skila skýrslu og fullbúnum tillögum til bæjarstjóra fyrir 15. janúar 2024. Starfshópnum bar að leitast við að leggja fram sameiginlegar tillögur, en ef samstaða næðist ekki, myndi einfaldur meirihluti nefndarmanna ráða hvaða tillögur væru lagðar fram. Minnihluta var heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni og/eða skila sértillögu

Starfshópurinn fundaði sautján sinnum á tímabilinu 18. október 2023 til 8. mars 2024 og skilaði skýrslu þessari og tillögum til bæjarstjórnar þann 9. apríl 2024.




Um vinnu starfshóps um heildarsýn fyrir Kópavogsdal

Starfshópurinn hafði í starfi sínu hliðsjón af stefnu Kópavogsbæjar í tengdum málaflokkum svo sem Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmálanum, Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, Menningarstefnu, Lýðheilsustefnu og Jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs.



Mynd 1 Gildandi deiliskipulag Kópavogsdals, dagsett 1990.

Afmörkun svæðisins miðast við deiliskipulagssvæði Kópavogsdals. Sjá má gildandi deiliskipulag dalsins á mynd 1. Mynd 2 sýnir jafnframt dalinn, en hún var tekin af kortasjá Kópavogs í nóvember 2023.



Mynd 2 Afmörkun Kópavogsdals. Tekið af Kortasjá Kópavogs í nóvember 2023.



Aðferðafræði

Starfshópurinn kallaði eftir þarfagreiningu frá hagaðilum með starfsemi í dalnum, sem og skriflegum umsögnum frá aðilum sem gætu haft hagsmuna að gæta í dalnum eða búa yfir þekkingu eða upplýsingum sem gætu verið gagnlegar fyrir starfshópin. Þarfagreiningum og umsögnum bar að skila skriflega til Kópavogsbæjar, fyrir kl. 15:00 föstudaginn 1. desember 2023. Þrettán aðilar voru beðnir um þarfagreiningu, og 14 aðilar um umsögn. Fimm þarfagreiningar bárust og sjö umsagnir.

Jafnframt var leitað til Kópavogsbúa og þeir beðnir um að leggja fram sína framtíðarsýn fyrir dalinn. Notast var við síðuna Betra Ísland og var samráðsgáttin opin 15. til 29. nóvember 2023. Eingöngu Kópavogsbúar gátu skilað inn tillögum og þurftu þeir að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Fólk var beðið um að setja tillögur sínar undir eftirfarandi flokka:

- Náttúran
- Afþreying og útivist
- Stígar og tengingar í dalnum
- Íþróttasvæði
- Annað

Alls bárust 59 tillögur í gegnum samráðsgáttina og um fjögur þúsund manns kynntu sér síðuna.

Kynning á verkefninu

Vakin var athygli á síðunni með auglýsingum í Kópavogspóstinum, á Instagram og Facebook, auk þess sem veggspjald var prentað og dreift víðsvegar um Kópavog. Veggspjaldið var meðal annars hengt upp í þremur félagsmiðstöðvum eldri borgara í Kópavogi, á Smáratorgi, sundlaugum Kópavogs, bókasafninu Lindaskóla, á Gerðarsafni og í hinum ýmsu verslunarkjörnum í Kópavogi.

Á heimasíðu bæjarins var að finna upplýsingar um verkefnið.

Íbúar íbúðahúsa með lóðarmörk að dalnum fengu sent heim til sín dreifibréf þar sem þeim var bent á þá vinnu sem var í gangi og samráðið, og þeim boðið að taka þátt. Jafnframt var hvatt til þátttöku í hinum ýmsu hverfishópum Kópavogs á Facebook.

Lýsing á Kópavogsdal¹

Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 markast vestari hluti Kópavogsdals frá Hafnarfjarðarvegi til vesturs og austur að Digranesvegi, og austari hluti hans frá Digranesvegi til vesturs og Dalvegi til suðurs og Lækjarhjalla til austurs.

Kópavogsdalur skipar mikilvægan sess í útivist og íþróttalífi bæjarins. Stígakerfi dalsins tengist töfrandi gönguleið um Kársnesið. Aðliggjandi eru verðmæt opin svæði eins og Kópavogstúnið, Þinghóll og hið mikilvæga verndarsvæði fugla á Kópavogsleirunni. Dalurinn og aðliggjandi svæði og stígar veita Kópavogsbúum ómetanleg lífsgæði.

Þar til snemma á síðustu öld voru, þar sem nú er þéttbýli Kópavogs, hólar, holt, mýrar, klettur, lækir og lyng, auk ræktaðra bletta við jarðirnar Digranes, Fífuhvamm, Vatnsenda og Kópavog. Býlið Kópavogur dregur nafn sitt af veginum sunnan Kársness og er staðsett við ofanvert Kópavogstúnið. Upphaf þéttbýlis í Kópavogi var í landi jarðanna Kópavogs og Digranes, sem voru í eigu ríkisins. Síðar bættist

¹ Þessi kafli er skrifaður af starfshópnum. Heimildir voru sóttar í <https://ferlir.is/kopavogur-saga>, <https://nattura.kopavogur.is/stadir/kopavogsdalur>; <https://ferlir.is/fifuhvammur-fifuhvammssel> og úr innsendum umsögnum og þarfagreiningum, sjá Viðauka 3.



við land Fífuhvamm og Smárahvamm, sem var nýbýli úr fyrrnefndri jörð. Þegar byggðin færðist enn austar var byggt í landi jarðarinnar Vatnsenda. Ýmsar sögu- og menningarminjar er að finna í dalnum, s.s. Danskavað sem stendur við Kópavogslæk neðan Fífuhvamm, dys við Hafnarfjarðarveg, grjóthleðslur o.fl. við Fífuhvamm 47A (Barmahlíð), Reynihvamm 43 (Dvöl) og Hlíðarhjalla 2A (Seldal) og landamerkjastöpul fyrir bújarðirnar Kópavog, Digranes og Fífuhvamm sem reistur var norðaustan við tennishöllina fyrir tæpum hundrað árum.

Kópavogsdalur liggur neðarlega með hæðir sitthvoru megin til norðurs (Digranes) og suðurs (Nónhæð). Hæðirnar veita gott skjól í dalnum sem auk þess liggur vel við sól og almennt er vindhraði lægri í dalnum en utan hans. Þar kemur vorið fyrr og haustið síðar víða annars staðar á á höfuðborgarsvæðinu. Gróðurfar er því fjölbreytt, en að stærstum hluta mannmótað á þeim tíma þegar á svæðinu var sumarbústaðabyggð. Þá hefur votlendi á botni dalsins að verulegu leyti horfið. Í læknum sunnan Fífuhvamm er móbergsklöpp sem er hluti af elsta móbergi á höfuðborgarsvæðinu, sem er 4-500 þúsund ára gamalt, og er þetta eini fundarstaður þess í Kópavogi.

Enn má finna fjölmargar minjar um sumarbústaðabyggðina sem tók að rísa í kringum 1920. Bústaðirnir voru fyrst sumardvalarstaðir efnaðra Reykvíkinga en urðu flestir heilsársbústaðir um miðja síðustu öld. Nokkrir þeirra standa enn. Í dalnum eru nokkrir gróskumiklir gamlir trjáreitir frá þeim tíma og matjurtagarðar. Vestan Digraneskirkju er einn af elstu gördum bæjarins, Dvöl. Rétt austan við Digranesveg stendur lerkitré sem var valið tré ársins árið 2005 af Skógræktarfélagi Íslands. Austast í dalnum sunnan við Dalveg var á árum síðari heimsstyrjaldarinnar reist braggahverfi sem hýsti hermenn og bíó. Þar var líka reist fyrsta frystihúsið í bænum og stendur það enn.

Um Kópavogsdal rennur samnefndur lækur, að mestu leyti í sínum upprunalega farvegi. Upptökusvæði hans nær til Breiðholts. Austan við Smárahvammsvöll er hliðarlækur að hluta sýnilegur, sem í daglegu tali gekk undir nafninu Mjóilækur. Áður fyrr var Kópavogslækur vinsæll veiðistaður ungra frumbyggja á svæðinu og handan hans var víðáttu heiðanna. Í leysingum á vorin gat lækurinn vaxið talsvert og orðið að hættulegu stórflyjóti sem byltist með látum niður dalinn. Tjörn er austan við Hafnarfjarðarveg, að mestu manngerð. Hún er afar vinsæll áningarstaður barna sem vilja með brauðbita gleðja fuglana sem haldast við þar. Við lækinn þrífast fjölmargar villtar tegundir plantna, s.s. hófsóley, engjarós og hrafnaklukka, sem ógn stendur nú af útbreiðslu ágengra plantna í dalnum, s.s. bjarnarklóar, hrossaffíls, skógarkerfils og alaskalúpínu.

Kópavogslækur hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem farvegur fersks vatns niður í Kópavog þar sem eru umfangsmiklar leirur og búsvæði fugla og annarra lífvera með hátt verndargildi. Svæðið er að hluta til friðlýst. Nú er vatnasvið lækjarins mikið raskað og mengun mælist þar umfram viðmiðunarmörk, sem hefur neikvæð áhrif á lífríkið í læknum. Lækurinn er þó enn búsvæði fyrir lífverur og hefur bæði útvistar- og fræðslugildi.

Í Kópavogsdal eru umsvífamestu íþróttamannvirki Kópavogs. Upphaf þeirra má rekja til Smárahvammsvallar sem gerður var upp úr miðri síðustu öld. Síðar komu Kópavogsvöllur, íþróttahúsið Smárinn, knattspyrnuhúsið Fífan, Sporthúsið, Tennishöllin og auk opinna æfingavalla og leiksvæða. Á milli þessara mannvirkja er umfangsmikið stígakerfi en einnig víðáttumikil bílastæði. Innar í dalnum, á grænu svæði norðan við Dalveg, rétt við aðstöðu Sorpu og skólagarðana, hefur verið komið upp svæði fyrir frísbíggolf sem nýtur vaxandi vinsælda.

Á næstu árum verður stígatenging rétt vestan Kópavogsdals við Kópavogstún mikilvægur samgöngupunktur fyrir notendur göngu- og hjólastíga vegna aukinnar áherslu á notkun vistvænna ferðamáta og uppbyggingu hjólastígakerfis á höfuðborgarsvæðinu. Ein möguleg lega Borgarlínu er við



vestari enda dalsins og sveigja inn til austurs fram hjá íþróttamannvirkjum Breiðabliks. Gangi það eftir mun aðkoma með almenningssamgöngum batna umtalsvert.

Kópavogsdalur er vinsælt útivistarsvæði allra aldurshópa. Þar má sjá hlaupara og hjólreiðamenn, börn og fullorðna fara um dalinn sér til ánægju og heilsubóta. Viðbrögð bæjarbúa í tengslum við þessa vinnu við að skapa framtíðarsýn fyrir dalinn sýna að þeim er svæðið afar hugleikið. Það er því tímabært að móta sýn um vernd og framþróun dalsins þar sem reynt er að finna jafnvægi á milli þeirra fjölmörgu aðila sem vilja njóta dalsins og nýta hann.

Yfirlit yfir efni í viðaukum við skýrsluna

Meðfylgjandi eru viðauki 1 með leiðarljósum sem starfshópurinn veltir upp sem möguleikum við áframhaldandi vinnu, viðauki 2 sem inniheldur samantekt um vinnu starfshópsins, aðalatriðin í innsendum þarfagreiningum og umsögnum, sem og niðurstöður íbúasamráðsins, og viðauki 3 sem inniheldur allar innsendar þarfagreiningar og umsagnir í heild sinni.